

5. fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar

Fimmti fundur stjórnar Þjóðkirkjunnar var haldinn þann 4. júlí 2024 kl. 9:00 í fundarherbergi þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar að Borgartúni 26.

Mætt voru stjórnarmennirnir Rúnar Vilhjálmsson, formaður, Árni Helgason, varaformaður, Einar Már Sigurðarson, Arna Grétarsdóttir og varamaðurinn Guðni Már Harðarson í fjarveru Þuríðar Bjargar Wium Árnadóttur. Auk þess sátu fundinn sr. Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Þjóðkirkjunnar og Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og hófst fundurinn á ritningarlestri og bæn.

1. Aðgerðarteymi Þjóðkirkjunnar

- Undir liðnum kom á fund nefndarinnar dr. Arnfríður Guðmundsdóttir. Ræddi hún um störf og starfshætti aðgerðarteymisins og kallaði eftir úttekt á störfum þess. Fóru fram umræður um málið og mun stjórn ásamt biskupi Íslands skoða málið nánar.

2. Yfirlit framkvæmdastjóra

- Upplýsingatæknimál
 - Búið er að uppfæra fjárhaldsbókhaldskerfi úr Navision í Business Central.
 - Búið er að framkvæma úttekt á upplýsingatæknimálum og verður unnið samkvæmt henni til að ná niður kostnaði á því sviði.
- Breiðabólstaður
 - Framkvæmdir eru í fullum gangi og verður húsið tilbúið í haust.
- Smáragata 6, Vestmannaeyjum
 - BG upplýsti að leigutaki hefur óskað eftir að kaupa húsið en fyrir liggur verðmat á húsinu upp á 68,5 m.kr. og söluheimild er á eigninni.
 - Undirritað var umboð stjórnar sem heimilar framkvæmdastjóra að ganga frá sölu eignarinnar.
- Hjarðarhagi 30, Reykjavík
 - Leigutaki hefur sagt upp leigu og kvöð á eigninni verið aflétt. Ákveðið að auglýsa eignina til leigu með hefðbundnum uppsagnarfresti.
- Móttökuhúsnæði Biskups
 - BG og GKH höfðu skoðað safnaðarheimil Dómkirkjunnar og rætt um möguleika á að það yrði nýtt sem móttökuhúsnæði biskups. Ákveðið að skoða málið áfram og að BG, GKH og ÁH kanni möguleika á öðru húsnæði.
- [Trúnaðarbók]
- Rekstrarupplýsingar
 - BG kynnti rekstrarniðurstöður fyrstu fimm mánaða ársins 2024. Rætt var um nýjan kjarasamning Þjóðkirkjunnar við Prestafélag Íslands og telur stjórn nauðsynlegt að í framtíðinni verði kjarasamningar gerðir með fyrirvara um samþykki stjórnar.

- h. Skeggjastaðir
 - i. BG kynnti viðræður sem eru í gangi við Arctic Hydro ehf. um vatnsaflsvirkjun í landi Skeggjastaða.
- i. Mælifell
 - i. BG kynnti stöðu máls varðandi Blöndulínu 3 og viðræður við Landsnet.

3. Vinnureglur stjórnar

- a. RV kynnti nýjustu drög að starfsreglum stjórnar og var ákveðið að RV, ÁH og AG skyldu vinna málið áfram í samræmi við þær umræður sem fram fóru.

4. Önnur mál

- a. RV kynnti ferð sína til Úganda þar sem hann kynntist m.a. starfsemi sem Þjóðkirkjan er að styrkja og flóttamannaaðstoð sem Lúterska heimssambandið rekur í samvinnu við SP og lýsti því að gott væri ef Þjóðkirkjan myndi styrkja flóttamannaaðstoðina með einhverjum hætti.
- b. [Trúnaðarbók]
- c. [Trúnaðarbók]
- d. [Trúnaðarbók]
- e. ÁH spurði út í firmaritun. Ákveðið að ganga frá afturköllun framsals til framkvæmdastjóra á næsta fundi, ritara falið að ganga frá skjalagerð.
- f. ÁH spurði út í opið bókhald. Upplýsti BG að með nýju bókhaldskerfi verði það hægt.
- g. ÁH vakti máls á skoðanakönnun sem kirkjuping lét gera og rædd var á þriðja fundi.
- h. ÁH vakti athygli á auknum rasisma á Íslandi og hvatti til aukinna viðbragða kirkjunnar á því.
- i. GKH upplýsti að ráðinn hafi verið samskiptastjóri til eins árs.
- j. GKH upplýsti að hún sé að skipuleggja skrifstofu biskups á landsbyggðinni.

5. Fyrri fundargerðir

- a. Fundargerðir 3. og 4. stjórnarfundar voru lesnar upp og samþykktar samhljóða.

Næsti fundur ákveðinn 20. ágúst. Fundargerð var lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:17.